

Fundargerð aðalstjórnar Ungmennafélags Grindavíkur

Fundurinn var haldinn í Gjánni og hófst kl. 17:30 Þriðjudaginn 18. okt. 2022.

Mættir sjórnarmenn:

Klara Bjarnadóttir , Gunnlaugur Hreinsson, Kjartan Fr. Adolfsson og Ásgerður H Karlsdóttir

Mættur starfsmaður

Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri

1. Tekið var fyrir bréf sem Þorleifur Ólafsson lagði fyrir fundinn vegna óskar um styrk til að undirbúa aðstöðu til styrktaræfinga og kaupa á tækjum.
Tekið var vel í þessa ósk og ákveðið að styrkja um 1.500.000 og Jón Júlíus ætlar að Vera í sambandi við Eggert Sólberg Jónsson Sviðsstjóra frístunda og menningarsviðs hjá Grindavíkurbæ og athuga hvort bærinn sé ekki tilbúin til að styrkja um sömu upphæð og að Grunnskólinn fái að nýta aðstöðuna fyrir nemendur.

Kjartan yfirgefur fundinn vegna annars fundar sem hann þurfti að sitja.

2. Tekið fyrir bréf frá Bergi Hinriks um styrk fyrir rekstri B liðs körfuknattleiksdeildarinnar vegna dómgæslukostnaðar og annars tilfallandi kostnaðar.
Ákveðið var að Jón Júlíus færi með þessa beiðni fyrir Eggert Sólberg Jónsson hjá Grindavíkurbæ.
3. Vonast er til að hægt verði að halda formannafundinn föstudaginn 21. Okt næst komandi.
4. Lesið var upp bréf sem Sólný Pálsdóttir hafði fengið frá UNICEF og sendi á formann félagsins þar sem Íþróttastarfi Grindavíkur er hrósað og Hilmir sonur Sólnýar er beðin um að taka þátt í myndbandi sem á að gera um jafnan þáttökurétt allra í íþróttastarfi.

Meira var ekki gert.

Fundi slitið klukkum 18:30